

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 26. nóvember kl. 10:08, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 847. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ólafur Melsted, Birkir Ingibjartsson, Sólveig Sigurðardóttir, Lilja Grétarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Björn Ingi Edvardsson og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

## Þetta gerðist:

- Hverfisgata 98A, 100 og 100A, breyting á (01.174.1)** Mál nr. SN210662  
Skjalnr. 5238  
*deiliskipulagi*  
Hverfisgata 100 ehf., Dugguvogi 42, 104 Reykjavík  
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 21. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 98A, 100 og 100A við Hverfisgötu. Breytingin felur í sér að heimilt verður að sameina lóðirnar í eina lóð, setja kvöð um uppbrot byggðar í samræmi við fyrri lóðarmörk ásamt kvöð um þrjá innganga. Lyftustokkur og annar tækjabúnaður standi upp fyrir byggingarreit og íbúðum fækkar um tvær. Á lóð nr. 100 verður heimilt að byggja ofan á núverandi byggingu eða rífa hana og byggja nýja ásamt því að byggingarreitur minnkar og verður í samræmi við grunnflöt núverandi byggingar. Byggingarreitur og heimild fyrir kjallara fellur út ásamt því að sér byggingareitur stiga- og lyftuhúss fellur út, samkvæmt uppdr. Arkþing - Nordic ehf. dags. 16. september 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 26. október 2021 til og með 23. nóvember 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Þorlákur Hilmarsson dags. 14. nóvember 2021.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*
- Ægisíða 62, breyting á deiliskipulagi (01.545.2)** Mál nr. SN210597  
Skjalnr. 13079  
Alternance slf., Vesturgötu 51a, 101 Reykjavík  
Gunnar Tryggvason, Ægisíða 62, 107 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Alternance slf. dags. 1. júlí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ægisíðu frá Hofsvallagötu að Lynghaga vegna lóðarinnar nr. 62 við Ægisíðu. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit lóðarinnar sem felst í að byggingarreit er skipt niður þannig að aðalreit verður í kringum núverandi byggingu og minni reitur fyrir garðskála, samkvæmt uppdr. Alternance slf. dags. 28. maí 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 26. október 2021 til og með 23. nóvember 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kristjana Stella Blöndal og Ólafur Rastrick dags. 23. nóvember 2021.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

3. **Köllunarklettsvegur 1, breyting á** (01.330.9) Mál nr. SN210759  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 10051  
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík  
Hafnagarður ehf., Vallakór 4, 203 Kópavogur  
Lögð fram umsókn Hallgríms Þórs Sigurðssonar dags. 8. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 1 við Köllunarklettsveg. Í breytingunni felst hækkun á núverandi byggingu úr tveimur hæðum í fjórar hæðir, stækkun á byggingarreit til suðvesturs til að koma fyrir viðbyggingu fyrir flóttastiga og breyting á fjölda bílastæða samkvæmt reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 19. nóvember 2021. Einnig er lagt fram skuggavarp Arkþings - Nordic ehf. dags. 19. nóvember 2021.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*
4. **Nóatún 29, (fsp) hækkun bílskúrs o.fl.** (01.253) Mál nr. SN210785  
Skjalnr. 14585  
Davíð Guðjónsson, Bretland, Lögð fram fyrirspurn Davíðs Guðjónssonar dags. 23. nóvember 2021 um hækkun bílskúrs á lóð nr. 29 við Nóatún ásamt hækkun á tengibyggingu þannig að hægt sé að nýta hæðina sem hluta af íbúð á 2. hæð hússins, samkvæmt skissum ódags..  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
5. **Snorrabraut 60, (fsp) breyting á** (01.193.4) Mál nr. SN210724  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 6940  
Helga Bragadóttir, Grímshagi 1, 107 Reykjavík  
Snorrahús ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Helgu Bragadóttur dags. 26. október 2021 um breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 60 við Snorrabraut sem felst í stækkun lóðarinnar og koma fyrir djúpgámum sunnan við nýbyggingu (viðbyggingu), samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta dags. 21. október 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. nóvember 2021.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. nóvember 2021 samþykkt.*
6. **Drafnarstígur 3, Gera upp og byggja við** (11.342.15) Mál nr. BN060047  
*Drafnarstíg* Skjalnr. 13947  
Þorsteinn Máni Hrafnsson, Kanada, Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til austurs ásamt því að breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 3 við Drafnarstíg.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. júlí 2021. Stækkun: 70,2 ferm., 224,5 rúmm. Gjald kr. 12.100  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
7. **Grettisgata 5, Breytingar - 0202** (11.715.06) Mál nr. BN059771  
Skjalnr. 6048  
Hótel Frón ehf., Laugavegi 22a, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúðar 0202, þannig að þar verða tvær íbúðir, í húsi á lóð nr. 5 við Grettisgötu.  
Gjald kr. 12.100  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

8. **Reyrengr 10, (fsp) bílastæði fyrir rafmagnsbíla** (02.387.4) Mál nr. SN210776  
Skjalnr. 9253  
Reyrengr 10, húsfélag, Reyrengr 10, 112 Reykjavík  
Dagný Viggósdóttir, Reyrengr 10, 112 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Dagnýjar Viggósdóttur dags. 18. nóvember 2021 um að gera bílastæði og setja upp hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla á borgarlandi og að hluta til innan lóðar nr. 10 við Reyrengr, samkvæmt skissu á yfirlitsmynd.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
9. **Snorrabraut 30, (fsp) rekstur gististaðar** (01.174.3) Mál nr. SN210769  
Skjalnr. 14582  
Rent us ehf., Ásbúð 62, 210 Garðabær  
Lögð fram fyrirspurn Rent us ehf. dags. 15. nóvember 2021 um rekstur gististaðar í flokki II í rými merkt F2005528 í húsinu á lóð nr. 30 við Snorrabraut.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
10. **Nýr Landspítali við Hringbraut, breyting á deiliskipulagi** (01.19) Mál nr. SN210771  
Skjalnr. 12506  
SPITAL ehf, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Helgu Bragadóttur f.h. Nýs Landspítala ohf. dags. 16. nóvember 2021 varðandi breyting á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Breytt deiliskipulag nær í meginatriðum til Sóleyjartorgs, aðkoma að bílageymsluhúsi og færslu bílastæða. Þá er BT húsi speglað og það lækkar til austurs að Hvannargötu í stað vesturs að Fífilsgötu, samkvæmt uppdr. Spítal ehf. dags. 16. nóvember 2021.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*
11. **Vesturgata 40, Áður gert - mhl.02 0101** (11.312.21) Mál nr. BN060247  
Skjalnr. 12665  
Ingibjörg Hallgrímsson, Vesturgata 40, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innrétta íbúð á 1. hæð, tólmstundaherbergi í kjallara og breyta innra skipulagi á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 40 við Vesturgötu.  
Erindi fylgir bréf f.h. umsækjanda dags. 15. nóvember 2021 ásamt bréfi og umboði frá eiganda dags. 18. október 2016. Erindi fylgir úrskurður UUA vegna kæru nr. 150/2016 dags. 12. júlí 2018.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
12. **Ármúli 13, (fsp) hækkun húss** (01.261.3) Mál nr. SN210760  
Skjalnr. 10405  
T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
S30 ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Ásgeirs Ásgeirssonar dags. 9. nóvember 2021 um hækkun hússins á lóð nr. 13 við Ármúla um tvær inndregnar hæðir, samkvæmt tillögu T.ark Arkitekta ehf. ódags.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

13. **Ármúli 28 og 30, (fsp) hækkun húss** (01.292.1) Mál nr. SN210735  
Skjalnr. 14573  
Selið Fasteignafélag ehf., Litlakrika 2, 270 Mosfellsbær  
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Selsins Fasteignafélags ehf. dags. 21. október 2021 um hækkun hússins á lóðunum nr. 28 og 30 við Ármúla um eina inndregna hæð, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 21. október 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. nóvember 2021.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. nóvember 2021 samþykkt.*
14. **Kvistaland 26, breyting á deiliskipulagi** (01.862.3) Mál nr. SN210710  
Skjalnr. 11225  
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 26 við Kvistaland, leikskólinn Kvistaborg. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir tímabundnar kennslustofur á lóð vegna framkvæmda á húsnæði leikskólans. Reiturinn er staðsettur þar sem nú eru bílastæði á auðasturhluta lóðarinnar og breytist núverandi nýting lands þar tímabundið á meðan á framkvæmdum stendur, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 15. október 2021, lagf. 26. nóvember 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 25. október 2021 til og með 22. nóvember 2021. Eftirtaldir sendu umsögn/athugasemdir: Veitur dags. 22. nóvember 2021.  
*Krafa Veitna um kvöð samþykkt.*  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
15. **Miðtún 82, (fsp) fjölgun íbúða og setja svalir** (01.235.1) Mál nr. SN210779  
Skjalnr. 14038  
*á rishæð*  
Bergljót María Sigurðardóttir, Miðtún 82, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Bergljótar Maríu Sigurðardóttur dags. 21. nóvember 2021 um að fjölga íbúðum í húsinu á lóð nr. 82 við Miðtún í tvær íbúðir og setja svalir á rishæð.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
16. **Koparsléttu 4-8, breyting á deiliskipulagi** (34..5) Mál nr. SN210667  
Skjalnr. 14519  
GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður  
Malbikstöðin ehf., Flugumýri 26, 270 Mosfellsbær  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Grímu arkitekta ehf. dags. 23. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjumela, athafnasvæðis, vegna lóðanna nr. 4 og 6-8 Koparsléttu. Í breytingunni felst sameining lóðar 4 við lóð 6-8, sameining tveggja byggingarreita á lóðunum í einn, smávægileg færsla á legu og stærð innkeyrslu á sameinaða lóð frá Koparsléttu og krafa um mænishæð er felld niður, samkvæmt uppdr. Grímu arkitekta ehf. dags. 22. september 2021, br. 25. nóvember 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 13. október 2021 til og með 10. nóvember 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 9. nóvember 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. nóvember 2021.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. nóvember 2021 samþykkt.*  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

17. **Lambhagavegur 23, (fsp) skilti** (02.684.1) Mál nr. SN210734  
Skjalnr. 12236  
Lambhagavegur 23 ehf., Lambhagavegi 23, 113 Reykjavík  
Helgi Hafliðason, Stuðlasei 44, 109 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Lambhagavegs 23 ehf. dags. 22. október 2021 um að setja auglýsingaskilti við austurmörk lóðarinnar nr. 23 við Lambhagaveg, samkvæmt uppd. Helga Hafliðasonar, arkitekts, dags. 11. október 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. nóvember 2021.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. nóvember 2021.*
18. **Silfurslétta 2, Sótt um byggl. fyrir 2ja hæða** (34.534.101) Mál nr. BN060165  
Skjalnr. 14301  
*staðsteypt atvinnuhúsnæði.*  
Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja tveggja hæða steinsteypt atvinnuhúsnæði með geymslum á neðri hæð og skrifstofum með tilheyrandi stoðrymum á efri hæð sem jafnframt er fyrsti áfangi, mhl.01, uppbyggingar á lóð nr. 2 við Silfursléttu.  
Stærðir: 1.259,4 ferm., 4.508,4 rúmm. Erindi fylgir lóðauppdráttur 34.534.1 dags. 14.07.2021 og hæðablað 34.534.1- B1 dags í júní 2021. Gjald kr. 12.100  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*
19. **Sörlaskjól og Faxaskjól, nýtt deiliskipulag** (01.53) Mál nr. SN210784  
Skjalnr. 14584  
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir göngu- og hjólastíg við Sörlaskjól og Faxaskjól. Í tillögunni felst aðskilt stígakerfi meðfram strandlengjunni og núverandi götukassa og skilgreindur er áningarstaður á gatnamótum Faxaskjól og Ægissíðu. Með framkvæmdinni er stígakerfi svæðisins styrkt til muna og umferðaröryggi bætt með fyrrnefndum aðskilnaði á göngu- og hjólastíg. Við tillögugerðina var tekið tillit til forskráningar á fornleifum og minjum innan skipulagssvæðisins. samkvæmt uppd. Landmótunar dags. 25. nóvember 2021.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
20. **Úlfarsárdalur, Hólmsheiði, Almannadalur,** (02.6) Mál nr. SN200303  
Skjalnr. 9615  
*endurnýjun á framkvæmdaleyfi*  
VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík  
Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík  
Lagt er fram bréf Landsnets dags. 16. nóvember 2021 varðandi ósk um endurnýjun á áður útgefnu framkvæmdaleyfi vegna lagningar 132 kV háspennustrengja. Um er að ræða lokafrágang á lagnaleið á röri undir Vesturlandsvegi að nýju tengivirki við Korpu. Lagnaleið er um 170-190 m og er áætlað að bora undir veginn árið 2022 en grafa frá hitaveitustokki að Vesturlandsvegi og innan tengivirkislóðar árið 2023 og leggja strenginn. Skurðarsnið og lagnaleið er nánast óbreytt frá fyrra framkvæmdaleyfi. Lagt fram að nýju ásamt bréfi Landsnets dags. 16. nóvember 2021 um endurnýjun á framkvæmdaleyfi. Einnig er lagt fram leyfi Vegagerðarinnar dags. 1. nóvember 2021 fyrir borun undir Vesturlandsveg og lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis dags. í maí 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. nóvember 2021.  
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. nóvember 2021.*  
*Vísad til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020.*

21. **Safamýri 41, Rífa sambyggða bílskúra** (12.814.05) Mál nr. BN059186  
Skjalnr. 13614  
Alexander Angelo Tonini, Safamýri 41, 108 Reykjavík  
Kristinn Guðmundsson, Safamýri 41, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að rífa sambyggða bílskúra og byggja sambyggða bílskúra í samræmi við gildandi deiliskipulag við lóðarmörk lóðar nr. 43, á lóð nr. 41 við Safamýri.  
Stækkun: 52,6 ferm., 74,0 rúmm. Erindi fylgir ástandsskýrsla, dags. 30. ágúst 2015, samþykki hagsmunaaðila dags. 7. júlí 2021. Gjald: 12.100  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
22. **Skeljanes 2, (fsp) viðbygging og bílageymsla** (01.675.1) Mál nr. SN210539  
Skjalnr. 5768  
Jón Magnús Halldórsson, Blómvellir 16, 221 Hafnarfjörður  
Tanja Sif Hansen, Skeljanes 2, 102  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóns Magnúsar Halldórssonar, dags. 20. júlí 2021, um stækkun hússins á lóð nr. 2 við Skeljanes sem felst í því að gera bílgeymslu og forstofu með þaksvolum og tröppum niður í garð, samkvæmt uppdr./fyrirspurnarteikningum K.J.ARK slf. dags. 20 júlí 2021. Einnig er óskað eftir niðurrífi á stakstæðri bílgeymslu á lóð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021. Lagt fram að nýju ásamt lagfærðri umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021. Einnig eru lagðar fram nýjar fyrirspurnarteikningar K.J.ARK slf. dags. 6. október 2021  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
23. **Vesturgata 64, Fjölbýlishús - mhl.01** (11.301.13) Mál nr. BN060025  
Skjalnr. 9450  
Hróður ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja 6-7 hæða fjölbýlishús með 51 íbúð í tveimur stigahúsum sem verða mhl. 01 á lóð nr. 64 við Vesturgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Mannvit dags. 27. september 2021 og samantekt á brunavörnum frá Mannvit dags. 27. september 2021. Stærð, A-rými: 6.204,5 ferm., 19.183,8 rúmm. B-rými: 296 ferm. Gjald kr. 12.100  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
24. **Vesturgata 64, Fjölbýlishús - mhl.02** (11.301.13) Mál nr. BN060202  
Skjalnr. 9450  
Hróður ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja mhl. 02, sem er 7 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 44 íbúðum á bílakjallara á lóð nr. 64 við Vesturgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá verkfræðistofunni Mannvit dags. 8. nóvember 2021. Stærð, A-rými: 5.473,9 ferm., 17.516,4 rúmm.  
B-rými: 236,8 ferm. Samtals: 5.710,7 ferm. Gjald kr. 12.100  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:34.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir